



Greiðslumiðar Edduhótela 2012

Iðnsveinafélag Skagafjarðar greiðir niður verð greiðslumiða fyrir gistingu á Edduhótelum sumarið 2012 og kostar miðinn kr. 5.000 fyrir félagsmenn.

Miðana er hægt að kaupa hjá formanni félagsins, Björgvini Sveinssyni, GSM 896 3007.

Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalin morgunverður.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 12 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt. Edduhótelið útvegar dýnu.

Uppfærsla, þegar keyptur er miði fyrir herbergi með handlaug:

Sé gíst í herbergi m/baði greiðist aukagjald.

Sé gíst í herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus* greiðist aukagjald.

- Eins má greiða fyrir uppfærslu í hvort sem er herbergi með baði eða PLUS herbergi með 2 stk af miðum sem gilda fyrir herbergi með handlaug. Einhverjir bjóða á netinu upp á miða fyrir herbergi með baði.

Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Stórutjörnum, Laugum í Sælingsdal og Vík. Þar eru herbergi með baði, sjónvarpi og síma.

Börn 5 ára og yngri fá frían mat ef þau panta það sama og foreldrar.

Börn 6-12 ára greiða ½ gjald fyrir mat ef þau panta það sama og foreldrar.

Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2012 er:

Tveggja manna herbergi m/handlaug kr. 11.800,-.

Tveggja manna herbergi m/baði kr. 18.800,-.

Tveggja manna herbergi m/baði PLUS kr. 21.900,-.

Morgunverður kr. 1.500,- á mann.

Edduhótelin:

[Hótel Edda Skógar](#)

[Hótel Edda ML Laugarvatn](#)

[Hótel Edda ÍKÍ Laugarvatn](#)

[Hótel Edda Vík](#)

[Hótel Edda Nesjum](#)

[Hótel Edda Neskaupstaður](#)

[Hótel Edda Egilsstaðir](#)

[Hótel Edda Stórutjarnir](#)

[Hótel Edda Akureyri](#)

[Hótel Edda Laugarbakki](#)

[Hótel Edda Ísafjörður](#)

[Hótel Edda Laugar í Sælingsdal](#)

Bókunarsími er 444 4000